

1961

Föstudaginn 8. september 1995.

Nr. 298/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Magnúsi Björgvini Sveinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arn-
ljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. september
1995, sem barst réttinum 6. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr.
142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er
ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 1. september sl. um farbann
varnaraðila allt til kl. 16.00 föstudaginn 13. október nk. Varnaraðili
krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Þá krefst
hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi frá 16. júní til 18.
ágúst 1995, sbr. dóma Hæstaréttar 11. júlí sl. í málinu nr. 236/1995 og
11. ágúst sl. í málinu nr. 273/1995, vegna rannsóknar á ætluðum brot-
um gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og lögum um tékka
nr. 94/1933. Með ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1995
var varnaraðila gert að sæta farbanni allt til kl. 16.00 föstudaginn 1.
september 1995.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir því, að rannsókn málsins sé nú á
lokastigi, og verði rannsóknargögn þess send embætti ríkissaksókn-
ara innan fárra daga. Frekara farbann sé nauðsynlegt til að tryggja,
að varnaraðili komi sér ekki undan málsókn með því að fara af
landi brott.

Með vísan til framanritaðs svo og umfangs rannsóknar málsins
verður að telja, að uppfyllt séu skilyrði 110. gr. laga nr. 19/1991 fyrir
áframhaldandi farbanni varnaraðila. Samkvæmt því verður hin
kærða ákvörðun staðfest

Hin kærða ákvörðun er staðfest.
